



**Áhættustefna Sparisjóðsins í sjálfbærni- og loftslagsmálum**

Janúar 2024

## Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	3
2. Sjálfbærni- og loftslagsáhætta .....	3
3. Sjálfbærni- og loftslagsáhættustýring Sparisjóðsins.....	4
4. Mat á viðskiptavinum út frá sjálfbærni- og loftslagstengdri áhættu.....	5

## 1. Inngangur

Hlutverk Sparisjóðsins er að tryggja fjárhagslega velferð viðskiptavina sinna með því að veita persónulega þjónustu í fjármálum sem einkennist af fagmennsku og umhyggju.

Sjálfbærni- og loftslagsáhætta, þ.e. áhættuþættir sem tengdir eru umhverfisþáttum, félagslegum þáttum og stjórnarháttum (UFS þættir), geta haft margvísleg áhrif á starfsemi Sparisjóðsins. Tilgangur þessarar stefnu er að ramma inn hvernig Sparisjóðurinn stýrir áhættu tengdri við sjálfbærni- og loftslagsmál sem samræmist áhættuvilja hans. Að því sögðu geta sjálfbærni- og loftslagsmál jafnframt skapað tækifæri og tekur þessi stefna hliðsjón af sjálfbærnistefnu Sparisjóðsins.

### Umfang

Þessi stefna gildir fyrir Sparisjóðinn.

### Ábyrgð

Ábyrgð með þessari stefnu er í höndum stjórnar. Sparisjóðsstjóri ber ábyrgð á framfylgd hennar og þar af leiðandi að tryggja að starfsfólk Sparisjóðsins sé upplýst um stefnuna, fái fræðslu um sjálfbærni og geti þannig tileinkað sér hana við dagleg störf.

### Endurskoðun stefnu

Sjálfbærni- og loftslagsáhættustefna skal rýnd árlega og uppfærð eftir þörfum.

## 2. Sjálfbærni- og loftslagsáhætta

Með tilkomu nýs regluverks munu eftirlitsstofnanir móta stefnu og verklag um hvernig eftirliti verður háttað í samræmi við vaxandi kröfur um umhverfis- og samfélagslega þætti sem og bættu stjórnarhætti við fjárfestingaákvörðanir og áhættumat eftirlitsskyldra aðila. Sparisjóðurinn mun nýta þessar reglugerðir sem stuðning á sinni sjálfbærnivegferð, þar á meðal þegar kemur að stýringu á sjálfbærni- og loftslagstengdri áhættu. Nýjar sjálfbærnireglugerðir Evrópusambandsins hafa nú þegar tekið gildi hér á landi og má þar nefna Flokkunarreglugerð Evrópusambandsins (EU Taxonomy) og reglugerð um sjálfbærniupplýsingagjöf á sviði fjármálaþjónustu, eða EU Sustainable Finance Disclosure Regulation (SFDR). Líklegt er að CSRD tilskipunin (Corporate Sustainability Reporting Directive), sem gildir fyrir stór og/eða skráð fyrirtæki, muni taka gildi fyrir fjárhagsárið 2024.

Regluverk til að meta sjálfbærni- og loftslagstengda áhættu er í mótun á grundvelli Evrópusambandsins og hjá íslenskum stjórnvöldum og eftirlitsaðilum. Sparisjóðurinn hefur hafið vinnu við að skilgreina ákveðna þætti út frá áhættum með hliðsjón af UFS viðmiðum sem geta haft áhrif á starfsemi og rekstur hans, hvort sem það eru af fjárhagslegum eða ófjárhagslegum toga.

Dæmi um slíkar UFS áhættur eru eftirfarandi:

- **Umhverfisþættir:** loftslagsbreytingar (bæði raunlæg áhætta og umbreytingaráhætta), hnignun vistkerfa, skerðing auðlinda, úrgangsmýndun og mengun
- **Félagslegir þættir:** slæm vinnuskilyrði (til að mynda þrælahald og barnaþrælkun), mismunun, og lýðheilsa
- **Stjórnarhættir:** fyrirtækjamenning (til að mynda fjölbreytileiki), viðskiptasiðferði (til að mynda mútubægni og spilling), dýravelferð, stjórnarhættir og upplýsingagjöf

Loftslagstengdar áhættur í tengslum við fjármál er gjarnan skipt í tvo meginflokka samkvæmt Task Force on Climate-Related Financial Disclosure (TCFD):

- **Umbreytingaráhætta** (e. Transition risk) kemur til vegna aðgerða til þess að stemma stigu við loftslagsbreytingum. Slík áhætta vísar til fjárhagslegs taps Sparisjóðsins, með beinum og óbeinum hætti, sem rekja má til verðlækkana, hækkandi orkukostnaðar eða innleiðingar á reglugerðum tengdum við sjálfbærni- og loftslagsmál.
- **Raunlæg áhætta** (e. Physical risk) sem stafar með beinum hætti af afleiðingum loftslagsbreytinga og leiðir til fjárhagslegs taps fyrir Sparisjóðinn. Sem dæmi má nefna vegna flóða, aurskriða og annarra náttúrutengdra atburða.

Ákveðin fylgni er til staðar milli ólíkra áhættuflokka, þar af leiðandi getur sjálfbærni- og loftslagstengd áhætta leitt til annars konar áhættu fyrir Sparisjóðinn, eins og til dæmis markaðsáhættu, lausafjárahættu og rekstraráhættu. Slíkar áhættur hafa áhrif á alla starfsemi Sparisjóðsins, ýmist til skemmri tíma (0-5 ár) eða jafnvel til lengri tíma litið (meira en 10 ár). Þetta er metið með tilliti til heildar áhættustefnu sjóðsins.

Til þess að meta áhrif sjálfbærni- og loftslagstengdrar áhættu mun Sparisjóðurinn gangast undir tvöfalda mikilvægisgreiningu (e. Double Materiality Assessment) í samræmi við CSRD tilskipunina:

- **Áhrifa mikilvægi** (e. Impact materiality): UFS þættir eru taldir mikilvægir ef Sparisjóðurinn hefur umtalsverð áhrif á samfélagið og/eða umhverfið m.v. stuttan, meðallangan eða yfir lengri tíma. Dæmi um slíkt gæti verið kolefnisútblastur af eignasafni Sparisjóðsins.
- **Fjárhagslegt mikilvægi** (e. Financial materiality): UFS þættir eru taldir mikilvægir í fjárhagslegu tilliti ef þeir hafa möguleg fjárhagsleg áhrif á Sparisjóðinn, s.s. út frá áhættu, tækifærum eða geta haft áhrif á framtíðarsjóðstreymi og þ.a.l. verðmæti sjóðsins til styttri, meðallangs eða langs tíma. Dæmi um slíkt gætu verið raunlægur loftslagsáhættur á viðskiptavini sjóðsins, eins og til dæmis tjón vegna skriðufalla.

### 3. Sjálfbærni- og loftslagsáhættustýring Sparisjóðsins

UFS viðmið gegna mikilvægu hlutverki í stefnumótun hjá Sparisjóðnum og Sparisjóðsstjóri ber ábyrgð á að stýra sjálfbærni- og loftslagstengdri áhættu. Áhættunefnd Sparisjóðsins mun taka að sér að styðja við áframhaldandi innleiðingu UFS þátta í starfsemi hans með því að vinna með Sparisjóðsstjóra við ákvarðanatöku og að tryggja að tekið sé tillit til UFS viðmiða þvert á starfsemina.

Sjálfbærni- og loftslagsáhættustefna Sparisjóðsins tekur mið af áhættuþoli hans og áhættuvilja stjórnar til að stýra sjálfbærni- og loftslagstengdri áhættu hjá Sparisjóðnum. Áhættuvilji skal því samræmast áhættumati sjóðsins og taka á helstu sjálfbærniáhættum.

Almennt byggir eftirlit og stýring sjálfbærni- og loftslagstengdri áhættu Sparisjóðsins á þeim viðmiðum sem koma fram í þessari stefnu. Markmiðið með því að stýra sjálfbærni- og loftslagstengdri áhættu er að auka vitund starfsfólks á málaflokknum. Jafnframt skal stjórn Sparisjóðsins hafa yfirsýn yfir helstu UFS áhættuþætti sem eru til staðar til þess að hægt sé að meta hugsanlegar afleiðingar sem þær kunna að hafa á sjóðinn. Það er því mikilvægt að helstu UFS áhættuþættir séu skilgreindir með viðeigandi hagaðilum áður en lánasamningur og aðrar fjárhagslegar skuldbindingar eru gerðar. Sparisjóðurinn skal því þekkja helstu UFS áhættuþætti og viðhalda skilvirkri eftirfylgni með málaflokknum.

UFS þættir skulu hafðir að leiðarljósi í tengslum við allt vöru- og þjónustuframboð samkvæmt sjálfbærnistefnu Sparisjóðsins. Sparisjóðurinn mun leitast eftir því að beita viðurkenndum aðferðum á sinni sjálfbærni- og loftslagstengdri áhættu, meðal annars til þess að draga úr kolefnisspori og styrkja fjárhagslega innviði hans, til dæmis með grænum hvötum. Að sama skapi er stefnt að því að

innleiða UFS birgjamat í þjónustusamninga í þeim tilgangi að draga úr sjálfbærni- og loftslagstengdri áhættu í rekstri sjóðsins.

Sjóðurinn mun jafnframt leitast við að mæla kolefnisspor af lánasafni samkvæmt PCAF (Partnership for Carbon Accounting Financials) aðferðafræðinni og vinna í nánú samstarfi við Samtök fjármálafyrirtækja (SFF).

#### 4. Mat á viðskiptavinum út frá sjálfbærni- og loftslagstengdri áhættu

Sparisjóðurinn hefur skuldbundið sig til þess að vinna með viðskiptavinum og öðrum hagaðilum í tengslum við mat á UFS áhættu og áhrifum. Sparisjóðurinn mun leitast við að fræða viðskiptavini sína og hagaðila um helstu sjálfbærni- og loftslagstengd málefni og styðja við sjálfbærnivægferð hans. Frekari lýsing á ferli við að meta UFS áhættu má finna í verklagsreglum Sparisjóðsins.